

# Reikningsskilaráð ríkisins

31. Fundur – 1. mars 2019 kl. 09:30

## Fundargerð

### Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Björn Þór Hermannsson, Ingþór Karl Eiríksson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Ólafur Hjálmarsson
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Frá Hagstofu Íslands: Björn Rúnar Guðmundsson.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 30. fundar samþykkt.

### 2. Ríkisreikningur 2018. Tímaáætlun og áherslur.

Farið var yfir tímalínu fyrir vinnu við ársuppgjör 2018.

### 3. Vinnuhópar, verkefnastaðan

Esther Finnbogadóttir kom á fundinn og ásamt Birgi Finnbogasyni gerðu grein fyrir niðurstöðu vinnu efnahagshóps við að svara athugasemdum í skýrslu Eurostat. Í júní á síðasta ári heimsótti Ísland vinnuhópur á vegum Eurostat sem skilaði af sér aðgerðaskýrslu þar sem lagðir voru fram 35 aðgerðapunktur sem þurfti að bregðast við. Efnahagshópur Reikningsskilaráðs fékk það verkefni að fara yfir punktana. Af 35 aðgerðapunktum eru 20 á forræði Hagstofu Íslands og gert er ráð fyrir að Hagstofan svari þeim.

### 4. Verkefnafjármögnun vegamála, veggjöld.

Erindi barst frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu í lok janúar þar sem óskað var eftir álitum vegna mismunandi kosta í vegamálum. Var það byggt á að í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu hafa verið til skoðunar kostir þess að finna sérstakt fyrirkomulag til að fjármagna afmarkaðar vegaframkvæmdir. Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi reikningsskilaráðinu erindi þar sem óskað var eftir álitum þess hvernig IPSAS og GFS telji að eigi að færa ólíkar útfærslur á vegaframkvæmdum með gjalddöku í uppgjöri hins opinbera. Vinnuhópur á vegum reikningsskilaráðs fjallaði ítarlega um erindið og lagði fram drög að svari við því. Farið var yfir drögin og þau samþykkt. Þau verða send til fjármála- og efnahagsráðuneytisins á allra næstu dögum. Í bréfinu og viðaukum með því eru annars vegar veitt svör við beinum spurningum um tiltekna útfærslur og hins vegar er almenn umfjöllun um meðferð IPSAS og GFS á sérleyfissamningum og PPP-samningum.

### 5. Önnur mál.

Margrét Björk hætti störfum í fjármála- og efnahagsráðuneytinu í lok febrúar og hætti á sama tíma í reikningsskilaráðinu. Henni eru þökkuð góð störf fyrir ráðið en hún hefur átt þar sæti frá stofnun þess. Björn Þór Hermannsson, skrifstofustjóri í ráðuneytinu, tekur sæti í hennar stað.

Ekki var annað rætt og fundi slitið kl. 11:00.

Næsti fundur miðvikudaginn 17. apríl kl. 09:00.